Aukakostnaðartrygging

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu

SKILMÁLI E-15

Vörður
hluti af Arion

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **vátryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Aukakostnaðartrygging?

Tryggingin stendur með viðskiptavinum lendi þeir í bótaskyldu tjóni sem veldur því að atvinnuhúsnæði hins tryggða verður tímabundið ónothæft og þörf skapast fyrir nýtt húsnæði, flutninga eða leigu á búnaði til að halda starfseminni áfram. Aukakostnaðartrygging bætir sannanlegan og óhjákvæmilegan aukakostnað sem fellur til vegna slíkra aðstæðna og styður fyrirtækið við að komast sem fyrst aftur í eðlilegan rekstur.

Hvað bætir tryggingin?

- ✓ leigu á bráðabirgðahúsnæði og kostnað við að gera það nothæft fyrir starfsemina,
- ✓ flutning, uppsetningu og tímabundna geymslu lausafjár, vörulagers og gagna,
- ✓ leigu á lausafé, vélum, tækjum eða öðrum búnaði í stað þess sem varð fyrir tjóni,
- ✓ kostnað við að flytja starfsemina á annan stað og til baka að nýju,
- ✓ kostnað við að tilkynna viðskiptavinum um breyttan starfsstað eða breytta þjónustu.

Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ rekstrartap, þ.m.t. tapaða framlegð, tapaðan hagnað, viðskiptavild, sektir, dagsektir, févíti eða annað óbeint tjón.
- ✗ kostnað sem fæst bættur úr annarri tryggingu tryggingartaka.
- ✗ kostnað við viðgerð, endurnýjun, endurbætur eða enduruppbyggingu , sem og kostnað við björgun, hreinsun eða förgun.
- ✗ aukinn kostnað sem hlýst af verkbanni, verkfalli, vélarbilun, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- ✗ aukinn kostnað sem hlýst af fjármagnsskorti tryggðs eða af því að tryggður dregur óhæfilega að ráðast í þær ráðstafanir sem þarf til að koma starfseminni í rekstrarhæft ástand.
- ✗ kostnað sem tryggður hefði hvort sem er orðið fyrir þótt bótaskylt atvik hefði ekki orðið.

Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Tryggðum ber að sjá um að umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Tryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Mannvirkjastofnum og Neytendastofu.

Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tiltekinn er í skírteini.

Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.

Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.

Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.

Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.